

## KENNARARÁÐ

Fjórði fundur ráðsins var fjarfundur í Teams-kerfinu. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 10:00.

### Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðalfulltrúar ráðsins.

### Mætt:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður sem stýrði fundinum, Anna María Gunnarsdóttir, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Karl Frímannsson, Kristinn Þorsteinsson (fyrir Guðbjörgu Aðalbergdóttur), Ragnar F. Ólafsson, Sigríður Lára Ásbergdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir og Þorgerður Diðriksdóttir.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar ritaði fundargerð.

### Dagskrá og fundargerð:

#### 1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá fundarins né fundargerð síðasta fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

#### 2. Staða vinnuhópa

a. *Vinnuhópur um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara.* Varaformaður ráðsins, hópstjóri, fór yfir vinnu hópsins. Búið er að fara yfir hæfniramma nokkurra landa og einnig að rýna ramma Unesco og EO. Áformað er að nýta hann sem leiðarljós í vinnunni framundan. Vinnuhópurinn hefur fundað þrisvar sinnum og næsti fundur er áformaður á næsta föstudag.

b. *Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda.* Formaður ráðsins, meðlimur hópsins, fór yfir vinnu hópsins í fjarveru Svandísar Ingimundardóttur. Vinnunni miðar vel.

c. *Vinnuhópur um hæfni kennara í íslensku.* Sigríður Lára Ásbergisdóttir, hópstjóri, fór yfir vinnu hópsins. Nú þegar hefur hópurinn gert samanburðarskjal um fyrirkomulag í nokkrum löndum hvaða varðar hvaða kröfur eru gerðar til tungumálakunnáttu kennara. Eftir kynningu S. Láru var rætt um hvaða og hvort mismunandi kröfur væri hægt er að gera til kennara á mismunandi skólastigum. Einnig rætt um Evróputilskipunina um speglun starfsréttinda og áhrifa hennar á veitingu leyfisbréfa kennara og mögulegra krafna sem hægt er að gera um íslenskukunnáttu kennara.

d. *Vinnuhópur um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.* Vinnuhópurinn hefur ekki haldið sinn fyrsta fund. Hann er boðaður 22. okt. 2020.

### **3. Nýr fulltrúi Menntamálastofnunar í kennararáði**

Ragnar F. Ólafsson hefur tekið sæti Guðnýjar Ástu Snorradóttur sem fulltrúi Menntamálastofnunar. Varamaður hans er Auður Bára Ólafsdóttir.

### **4. Samstarfsvettvangur kennararáð á heimsvísu, IFTRA.**

Formaður lagði fram minnisblað frá honum og Önnu Maríu þar sem samstarfsvettvangur kennararáða á heimsvísu IFTRA (*International Forum of Teacher Regulatory Authorities*) er kynntur. Anna María og formaður leggja það til að íslenska kennararáðið verði hluti af þessum samstarfsvettvangi. Tillagan var samþykkt. Rætt um að fá mögulega formann IFTRA á fund síðar.

### **5. Starfsþróunarverkefni.**

Freyja Haraldsdóttir kynnti sænska starfsþróunarverkefnið Lärerlyftet og vef Skolforskningsintitutet [skolfi.se](http://skolfi.se). Sérstaklega fór hún yfir þann hluta sem snýr að stærðfræðikennslu, m.a. vegna þess að það hefur þegar verið prófað á Íslandi. Einnig sagði hún frá því hvernig áformað er að nýta þessi starfsþróunarverkefni á Íslandi næstu tvö árin, m.a. til að efla starfsþróun kennara í kennslu náttúrufræði, læsi og stærðfræði.

### **6. Önnur mál.**

Næsti fundur er verður miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 10-12 og verður hann haldinn á Teams.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 11:10.